

Æskulýðsskýrsla Harðar 2017-2018



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Viðburðir.....	3
Reiðnámskeið	10
Að lokum	10

Inngangur

Veturinn 2017-2018 var viðburðarríkur og skemmtilegur hjá æskulýðnum í Herði. Það var mikið að gera og margir viðburðir skipulagðir yfir veturinn fyrir börn og unglunga. Boðið var upp á fjölbreytt fræðslustarf þar sem bæði er sinnt þeim er vilja iðka íþróttina sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Við höldum líka viðburði þar sem við hittumst og gerum skemmtilega hluti án hestanna okkar því ekki geta allir riðið út.

Undirbúningur Landsmóts setti svo heilmikinn svip á starfið í vetur og voru margir krakkar og foreldrar sem tóku þátt í þeim undirbúningi.

Æskulýðsnefnd Harðar 2018-2018:

Sædís Jónasdóttir, formaður

Rúnar Þór Guðbrandsson, tengiliður stjórnar

Alexandra Stegeman, ritari

Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Bryndís Árný Kristínardóttir

Áslaug Erlín Þorsteinsdóttir

Viðburðir

Uppskeruhátíð æskunnar

Uppskeruhátíð æskunnar var haldin eins og venja er í október. Þá er boðið til veislu þar sem við fögnuðum starfsári barnanna í hestamenskunni ásamt foreldrum. Við buðum upp á góðan mat, fengum töframanninn Einar einstaka til að vera með skemmtiatriði og svo veitti Hákon, formaður Hestamannafélagsins viðurkenningar fyrir þátttöku yfir veturinn í knapamerkjum og fleiru. Allir skemmtu sér vel og var þetta notaleg kvöldstund.

Keiluférð

Í byrjun desember skelltum við okkur í keilu til að hrista saman hópinn, það er alltaf jafn skemmtilegt og vel lukkað hjá okkur. Allur aldur skemmtir sér vel saman.



Hreinsun reiðtygja:

Það er orðin hefð hjá okkur að hittast og gera reiðtygin okkar fín fyrir veturinn. Við fáum Helgu söðlasmið til að leiðbeina okkur og fara yfir það með okkur hversu mikilvægt það er að hugsa vel um hnakka og beisli. Okkur finnst þetta orðið ómissandi til að allt sé klárt fyrir veturinn. Svo er boðið upp á pizzur og allir fara sáttir heim með glansandi hnakk.



Trek braut

Okkur finnst ótrúlega skemmtilegt að breyta til og gera eitthvað nýtt og skemmtilegt með hestunum okkar. Við erum líka svo heppin að eiga fólk sem vill deila kunnáttu sinni. Sandra Lynch kom upp TREK braut í reiðhöllinni okkar og var svo með sýnikennslu og leiðbeindi. Við gátum svo æft okkur og leikið eina helgi í mars, bæði börn og fullorðnir.



Páskafitness

Í mars var haldið páskafitness þar sem mæting var afar góð, bakaðar voru vöflur og boðið upp á heitt súkkulaði. Í páskafitnessi förum við í ýmsa skemmtilega leiki, þar á meðal var hestafótbolti þar sem allir krakkar voru með „pappaglasa gleraugu“ það er pappaglas sem búið er að taka botninn úr og búa til gleraugu til að líkja eftir því hvernig hestur sér. Þannig var spilaður fótbolti með „risabolta“ við mikinn fögnuð. Svo voru hinar ýmsu keppnir og allir fengu svo páskaegg að launum.



Æskan og hesturinn

Æskan og hesturinn er svo í miklu uppáhaldi hjá okkur, krakkar og foreldrar hittust í pizzaveislu og allir gátu komið með sínar hugmyndir sem Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennari útfærir svo með okkur ásamt því að þjálfar og sjá um atriðið. Það er mikill metnaður bæði í börnum og foreldrum að gera þetta vel og allir hjálpast að. Allir skemmtu sér konunglega og Harðarfélagar skiluðu af sér afskaplega skemmtilegu atriði þar sem krakkar á öllum aldri gátu tekið þátt. Hvort sem þau voru á hesti eða ekki. Atriðið okkar var leikritið Inspirit of Iceland sem var samið fyrir sýninguna. Krakkarnir sýndu svo atriðið sitt einnig á opnum kynningardeg 1. maí hjá Herði þegar Mosfellingum var boðið í heimsókn til að kynnast hesthúsalífinu.



Keppnisundirbúningur og Landsmót

Það var mikið lagt í undirbúning fyrir landsmót. Það var keppnisnámskeið sem Hinrik Sigurðsson reiðkennari sá um sem allir gátu tekið þátt í. Svo kom Siggí Ævars dómari og var með fyrirlestur fyrir krakkana. Eftir úrtöku tók Hinrik aftur við krökkunum og þjálfaði þau fram að Landsmóti og fylgdi þeim svo eftir þar. Hörður sendi 7 krakka á Landsmót í hverjum flokki. Mótið gekk vel og stóðu þátttakendur sig afar vel á vel skipulögðu Landsmóti. Harðarmaðurinn Benedikt Ólafsson sigraði unglingaflokkinn, Oddur Carl Arason varð í 5 sæti í A úrslitum í barnaflokki. Thelma Dögg Tómasdóttir náði í B-úrslit í ungmennaflokki og Egill Ari Rúnarsson í B-úrslit í barnaflokki. Flottir knapar sem eiga framtíðina fyrir sér.



Skrúðganga í túninu heima

Við tókum þátt í skrúðgöngu á bæjarhátíðinn í Túninu heima sem er árlegur viðburður í Mosfellsbæ, þar leiddu fulltrúar knapa í yngri flokkum gönguna.



Reiðnámskeið

Að venju var mikil fjölbreytni og mikið um að vera á námskeiðum fyrir börnin í Herði. Yfirreiðkennari var Sonja Noack.

Meðal námskeiða voru:

Knapamerkin

Pollanámskeið teymdir og ekki teymdir

Almenn reiðnámskeið 8-10 ára

Almenn reiðnámskeið 11-14 ára

Töffarar – fjörnámskeið

Keppnisnámskeið

Að lokum

Þetta ár er búið að vera viðburðarríkt og skemmtilegt fyrir krakkana í Herði. Viðburðir hafa verið vel sóttir og hafa foreldrar verið duglegir að kíkja með börnunum sínum.

Landsmótsár eru liftistöng og hvetja börn og unglinga til þátttöku á mótum sem voru fjölmörg hjá Herði þar sem börn allt niður í 3. ára tóku þátt.

Að halda úti virku og góðu æskulýðsstarfi krefst mikillar vinnu af hálfu þeirra sem bjóða sig fram í þetta mjög svo gefandi en jafnframt kröfuharða starf. Því er mjög mikilvægt að skipuleggja það vel og foreldrar að vera virkir í að taka þátt. Margar hendur vinna létt verk og viljum við því hvetja foreldra til að bjóða sig fram til að halda úti öflugum starfi í æskulýðsnefnd.